



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2021

RAFL2GC03
Raflagnir grunndeildar rafiðna

Kennari:	Sigurður Ágúst Pétursson (SÁP) sigurduragust@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum er aðaláhersla á varbúnað, vírsverleika og rafdreifiskápa. Farið er í uppbyggingu á minni húsveitum, staðsetningu á búnaði, lagnaleiðir og brunabéttingar kynntar. Innfeldar og áfelldar lagnir. Farið er í reglugerðarákvæði varnarráðstafana sem varða snerti og brunahættu. Lögð er áhersla á skilning nemanda á varbúnaði, bruna og snertihættu. Nemendur fá þjálfun í notkun mælitækja og lögð er áhersla á fagmannleg vinnubrögð.

Undanfari: RAFL1GB03

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Hættu á skemmdum á búnaði þegar mælitækjum er beitt.
- Reglum um sverleika leiðara miðað við áraun og staðla sem um það gilda.
- Reglum um varnarráðstafanir er varðar snerti og brunahættu.
- Mælitækjum sem notuð eru við bilanaleit.
- Uppbyggingu minni veitna og mikilvægi efnisvals í þær.
- Öryggi þess að hafa skipulag og þrifarlegt á vinnustaðnum.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Mæla einangrunarbilun og spennur í veitum
- Leggja rör og strengi og ganga frá dreifiskáp.
- Lesa úr uppdráttum og fyrirmælum.
- Tengja ýmsar gerðir fjarrofa.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Leggja raflagnir í minni veitur.
- Vinna eftir fyrirmælum.
- Gera sér grein fyrir röð varnarráðstafana í húsveitum.
- Ákveða vírsverleika lagna.
- Einangra, mæla og finna bilun í húskerfi.

Námsefni:

- Rafbók,
- ljósrít,
- gögn á netinu o.fl.

Notkun á tölvu:

Notkun tölvu við námið er mikilvæg alla önnina., en notkun tölvu í tölvuleiki og spjall á netinu í kennslustund er ekki liðin og jafngildir það fjarvist (F). Sama á við um snjallsíma.

Fyrirkomulag námsmats:

Nemendur leysa ýmis dæmi á önninni bæði í tímum og heima.

Áfanginn er próflaus og mun vetrareinkunn gilda sem lokaeinkunn. Ætlast er til að nemandi hafi mætingu viðunandi og taki virkan þá í tímum og verkefna vinnu.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 17. ágúst 2021

Sigurður Ágúst Pétursson